



Reykjavík 21. maí 2012

**Túlkun á 2. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
varðandi aðild að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki sbr. og 100. gr. a
nefndra laga**

Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. a laganna sbr. 13. gr. laga nr. 75/2010 er fjármálafyrirtækjum skylt að eiga aðild að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Hugtakið fjármálafyrirtæki er skilgreint í 10. tölul. 1. mgr. 1. gr. a sömu laga sem viðskiptabanki, sparisjóður, lánaþing, rafeyrisfyrirtæki, verðbréfaþing, verðbréfaþing eða rekstrarfélag verðbréfasjóða sem fengið hefur starfsleyfi skv. 6. gr., sbr. 4. gr.

Það er afstaða Fjármálaeftirlitsins að fjármálafyrirtæki í slitaferli séu ekki fjármálafyrirtæki í skilningi 10. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna. Ræðst þessi afstaða aðallega af því að fjármálafyrirtæki í skilningi laganna eru þau fyrirtæki sem hafa starfsleyfi á grundvelli 6. sbr. 4. gr., enda eigi ákvæði laganna aðallega við slík fyrirtæki sbr. þó m.a. ákvæði XII. kafla laganna um slit fjármálafyrirtækja sem eiga skv. orðanna hljóðan við fjármálafyrirtæki í slitaferli. Flest fjármálafyrirtæki í slitaferli eiga það sameiginlegt að hafa ekki starfsleyfi þar sem það hefur verið afturkallað.

Þrátt fyrir framanritað ber við túlkun á 2. mgr. 19. gr. a, að horfa til 101. gr. a laganna þar sem kemur fram að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með rekstri fjármálafyrirtækis sem er stýrt af slitastjórn, óháð því hvort viðkomandi fyrirtæki hefur starfsleyfi eða takmarkað starfsleyfi eða hvort starfsleyfi þess hefur verið afturkallað. Dótturfélag fjármálafyrirtækis í slitameðferð sem heldur utan um eignir þess skal jafnframt heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Eftirlitið nær meðal annars til viðskiptahátta þess sem felur meðal annars í sér að framganga þess gagnvart viðskiptavinum skal vera í samræmi við það sem almennt tíðkast hjá fjármálafyrirtækjum með gilt starfsleyfi. Í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 78/2011 segir:

Í öllum markaðsviðskiptum byggist jafnræði aðila á þeirri einföldu staðreynd að báðir eiga langtímahagsmuni af viðskiptasambandi. Ef annar aðili samningssambandsins er slitastjórn kunna langtímahagsmunir að víkja fyrir öðrum hagsmunum slitabúsins sem þó geta verið málefnalegir, t.d. hagsmunum kröfuhafa af heimtum, og freistandi getur verið að nýta öll tækifæri til að þvinga viðskiptamenn til að greiða kröfur að fullu, jafnvel þótt efnisleg rök séu fyrir aðlögun kröfu að greiðslugetu í samræmi við

ákvæði laga nr. 107/2009 og samninga sem byggðir hafa verið á þeim lögum, jafnt í tilviki einstaklinga sem fyrirtækja. Eins geta skapast aðstæður sem gera slitastjórnnum kleift að tefja framgang mála viðskiptamönnum til tjóns. Meðal þeirra ákvarðana sem Fjármálaeftirlitinu ber að taka til athugunar, verði frumvarpið að lögum, eru ákvarðanir slitastjórna um innheimtu lána og umbreytingu lána. Er enda gert ráð fyrir því í frumvarpinu að fjármálafyrirtæki í slitum starfi í samræmi við góða viðskiptahætti, sbr. 19. gr. laganna. Með þessu móti er leitast við að koma því til leiðar að viðskiptamenn fjármálafyrirtækis sem tekið hefur verið til slitameðferðar nióti ekki lakari stöðu við úrlausn sinna mála en gildir um viðskiptamenn annarra fjármálafyrirtækja.

Af markmiði og tilgangi 101. gr. a, má ráða að vilji löggjafans standi til þess að jafna stöðu þeirra sem eiga hagsmuna að gæta gagnvart fjármálafyrirtæki í slitiferli til jafns við þá sem eiga hagsmuna að gæta gagnvart starfandi fjármálafyrirtæki.

Viðskiptavinir fjármálafyrirtækja hafa tækifæri til að leggja ágreining sinn undir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sem getur kveðið upp úrskurð sem er bindandi fyrir viðkomandi fjármálafyrirtæki nema það tilkynni innan tveggja vikna að það ætli ekki að hlíta úrskurðinum. Það hefur ótvíræða kosti í för með sér að geta lagt ágreining undir úrskurðarnefndina þar sem um er að ræða ódýrt og einfalt úrræði. Eigi fjármálafyrirtæki í slitiferli ekki aðild að úrskurðarnefndinni þá er eina úrræði viðskiptavina þeirra að bera ágreiningsefni sín undir dómstóla. Slík úrræði eru bæði tímafrek og kostnaðarsöm og því ekki á færi allra að fara slíka leið. Við slíkar aðstæður eru viðskiptavinir fjármálafyrirtækis í slitiferli lakar settir en viðskiptavinir starfandi fjármálafyrirtækja.

Með vísan til framanritaðs og skýrs vilja löggjafans til að jafna stöðu aðila burtséð frá því hvort um er að ræða viðskipti við starfandi fjármálafyrirtæki eða fjármálafyrirtæki í slitiferli er ljóst að þeim árangri verður ekki náð nema að viðskiptavinum slitafélaganna verði gert kleift að leggja ágreiningsefni sín fyrir úrskurðarnefndina.

Með hliðsjón af framansögðu er það mat Fjármálaeftirlitsins að fjármálafyrirtæki í slitiferli og dótturfélög sem halda utan um eignir þess skuli eiga aðild að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Hins vegar er nefndin bundin samþykktum sínum og ákveðin skilyrði sett fyrir því að nefndin taki mál til meðferðar, sbr. 6. gr. samþykktu úrskurðarnefndarinnar. Þau málefni sem má ætla að falli undir verksvið nefndarinnar tengjast útlánum fjármálafyrirtækjanna, m.a. sem lúta að innheimtu lána, niðurfellingu lána, umbreytingu lána og ábyrgðarskuldbindingar. Vakin er athygli á að ágreiningur skv. lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti heyrir ekki undir nefndina.